

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Jóni Þór Ólafssyni um forgang ráðherra og þingmanna í heilbrigðiskerfinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Veit ráðherra til þess að ráðherrar og þingmenn njóti forgangs í heilbrigðiskerfinu? Ef svo er, í hverju er hann fólgin? Ef ekki, mun ráðherra láta rannsaka hvort svo sé (og þá sér í lagi vegna eftirfarandi orða fyrrverandi landlæknis, Ólafs Ólafssonar, í viðtali við Fréttatímann 28. nóvember sl. um heilbrigðismál: „Einhvern veginn er það líka þannig að ráðherrar og þingmenn lenda ekki á biðlistum.“)?*
2. *Ef það reynist rétt að ráðherrar og þingmenn hafi forgang í heilbrigðiskerfinu, mun ráðherra sjá til þess að sá forgangur sé lagður af?*

Ráðuneytinu hafa aldrei borist nokkrar vísbendingar um að ráðherrar eða þingmenn njóti forgangs í heilbrigðiskerfinu og telur engar forsendur fyrir því að láta rannsaka nánar óljósar fullyrðingar fyrrverandi landlæknis í þá veru að ráðherrar eða þingmenn séu teknir fram fyrir aðra og lendi ekki á biðlistum.